

## Kona í karlahlutverki

### Íslenska þjóðkirkjan og spurningin um prestvígslu kvenna

#### Inngangur

Þann 29. september sl. var haldið upp á að fimmtíu ár væru liðin síðan að fyrsta konan vígðist til prestsþjónustu innan íslensku þjóðkirkjunnar, en þá vígði biskup Íslands, herra Sigurbjörn Einarsson, Auði Eir Vilhjálmsdóttir cand. theol. í Dómkirkjunni í Reykjavík. Með vígslu sr. Auðar Eirar Vilhjálmsdóttur hófst nýr kafli í sögu íslenskrar kristni, þar sem karlar höfðu einir haft aðgang að hinni vígðu þjónustu frá því að kristin trú festi rætur hér á landi fyrir rúmum 1000 árum. Konum fjölgaði hægt í prestastétt til að byrja með, en kona númer tvö var vígð vorið 1981. Fyrstu tíu árin voru alls sex konur prestvígðar en upp frá því fjölgaði þeim sífellt hraðar. Árið 2019 hlaut hundradasta konan prestvígslu og þegar nú er komið hafa tæplega 120 konur verið vígðar sem prestar hér á landi.

Aðdragandi að vígslu fyrstu konunnar innan hinnar evangelísk-lúthersku kirkju á Íslandi var langur. Hann nær aftur til loka nítjándu aldar, þegar íslenskar konur voru að hefja vegferð sína í átt að auknum réttindum og almennri þátttöku á hinum opinbera vettvangi. Réttindabarátta kvenna beindist í upphafi m.a. að tækifærum kvenna til æðri menntunar til jafns við karla, til inngöngu í Lærða skólann, en einnig Prestaskólann og Læknaskólann. Lögin um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og embætta sem voru samþykkt á Alþingi árið 1911 breyttu miklu um lagalegan rétt kvenna þó að ekki reyndi mikið á þau til að byrja með. En hversu afgerandi var hinn lagalegi réttur kvenna til að gegna opinberum embættum í raun og veru þegar loks kom að því að vígja fyrstu konuna til að gegna prestsembætti innan íslensku þjóðkirkjunnar? Þegar rýnt er í þá umræðu sem átti sér stað í aðdraganda prestvígslu fyrstu konunnar er margt sem bendir til þess að pólitískar ástæður, frekar en guðfræðilegar, hafi gegnt lykilhlutverki í þessu sambandi og réttindabarátta kvenna og kröfurnar um jafnrétti kynjanna á tuttugustu öldinni hafi raunverulega ráðið úrslitum. Hér á eftir verður leitast við að sýna fram á hvort þessar vísbendingar eigi við rök að styðjast.

Í greininni verður athyglinni beint að upphafi prestvígslu kvenna innan hinnar íslensku þjóðkirkju á ofanverðri tuttugustu öldinni. Spurt verður um helstu ástæður þess að ákveðið var að vígja konur, með áherslu á sögulegt samhengi þessara mikilvægu tímamóta í starfi kirkjunnar. Hvaða hlutverki gegndu þær samfélagslegu breytingar sem áttu sér stað í lok nítjándu aldar og á þeirri

tuttugustu í þessu sambandi? Hvert var samspil þeirra og guðfræðilegrar umræðu í kirkjunni í aðdraganda vígslunnar. Í lok greinarinnar verður fjallað um alþjóðlegt samkirkjulegt samhengi og lögð áhersla á skýrslu Trúar- og skipulagsnefndar, sem starfar innan Heimsráðs kirkna, um skírn, kvöldmáltíðarsakramenti og þjónustu frá 1982. Í ljósi umræðunnar í samtímanum er vert að taka það fram að hér verður aðeins talað um tvö kyn, konur og karla, eins og reyndin var á því tímabili sem hér er til umfjöllunar.

### **Konur ekki gjaldgengar til að gegna prestsembættinu**

Síðari hluti níttjándu aldar markar upphaf sterkrar hreyfingar sem kallaði eftir auknum réttindum kvenna beggja vegna Atlantshafsins. Þessi hreyfing, sem hefur verið kölluð fyrsta bylgja femínismans, hafði víðtæk áhrif og skilaði konum umtalsverðum réttindum og breytti samfélagslegri stöðu þeirra til frambúðar. Í kjölfar kröfu kvenna í hinum vestræna heimi um aukin samfélagsleg réttindi, fullan aðgang að menntastofnunum og störfum til jafns við karla, sem og kjörgengi og kosningarétt, fylgdi krafan um þátttöku í hinni vígðu þjónustu kirkjunnar. Á meðan konum var meinaður aðgangur að menntastofnunum höfðu þær ekki forsendur til að gegna störfum og opinberum embættum sem kröfðust formlegrar menntunar. Því var það forsenda prestvígslu kvenna að þeim stæði til boða menntun við hæfi.

Önnur bylgja femínismans, sem byrjaði í kringum 1960, hafði róttæk áhrif á guðfræðiumræðuna, en líka á stöðu kvenna innan hinna ólíku kirkjudeilda. Mary Daly (1928–2010) var rómversk-kaþólskur guðfræðingur með doktorsgráður í bæði guðfræði og heimspeki. Hún sat sem gestur á síðara Vatikanþinginu, sem hafði mikil áhrif á hana. Þar sá hún berlega karlaveldið í rómversk-kaþólsku kirkjunni og hvernig konur voru meira eða minna ósýnilegar í því samhengi. En umræðan á þinginu vakti líka vonir hjá henni um að nýir tímar væru runnir upp og miklar breytingar væru í vændum í hugmyndafræði og skipulagi kirkjunnar. Árið 1968 kom út bók eftir Daly, *The Church and the Second Sex*,<sup>1</sup> þar sem hún gagnrýnir harðlega afstöðu Rómarkirkjunnar til kvenna og hvernig hún hefur í aldanna rás gert lítið úr konum og lítið fyrst og fremst á þær sem „tæki“ til að eiga börn. Hún gagnrýnir líka kirkjuna fyrir að hafa útilokað konur frá vígðri þjónustu og kallar eftir róttækri endurskoðun á hugmyndafræði og starfsháttum hennar. Í viðtali við Daly sem birtist í tímaritinu *U.S. Catholic* sama ár og bókin kom út má greina bjartsýni þrátt fyrir afdráttarlausu gagnrýni hennar, sem átti eftir að breytast þegar í ljós kom að engar breytingar voru í sjónmáli í anda frjálslyndrar umræðu á Vatikanþinginu á fyrri hluta sjöunda áratugarins.<sup>2</sup> Uppgjör Daly við kirkju og kristna trú sem birtist í bók hennar *Beyond God the Father: Toward a Philosophy of Women's Liberation* (1973)<sup>3</sup> hafði mikil áhrif á þróun femínískrar guðfræði á upphafsárum hennar og hafði varanleg áhrif á guðfræðiumræðuna til framtíðar.

<sup>1</sup> Mary Daly, *The Church and the Second Sex: With the Feminist Postchristian Introduction*, Boston: Beacon Press, 1986.

<sup>2</sup> „Mary Daly and the Second Sex: An Interview with Theologian Mary Daly“, *U.S. Catholic* 34:5/1968, bls. 21–24).

<sup>3</sup> Mary Daly, *Beyond God the Father: Toward a Philosophy of Women's Liberation*, Boston: Beacon Press, 1973.

Á síðustu áratugum hafa páfar ítrekað sagt að prestvígsla kvenna sé ekki einu sinni til umræðu innan rómversk-kaþólsku kirkjunnar. Forsendurnar fyrir þeirri afstöðu eru m.a. þær að konur hafi aldrei gegnt prestsþjónustu innan kirkjunnar og ekki megi bregða út af þeirri venju. Þá hefur ítrekað verið bent á að Jesús hafi ekki valið konur til að vera postular og hafi með því gefið til kynna að postulahlutverkið, sem prestar gegni, væri bara ætlað körlum. Einnig hefur verið vísað til þess að Jesús hafi verið karl og því geti konur ekki verið erindrekar í hans stað.<sup>4</sup> Rétttrúnaðarkirkjan hefur, eins og rómversk-kaþólska kirkjan, haldið því til streitu að vígð þjónusta sé aðeins ætluð körlum en fjöldi annarra kirkjudeilda hefur aftur á móti opnað aðgang að henni fyrir konum. Sennilega hefur ekkert haft eins róttæk áhrif á þjónustuna innan lúthersku kirkjunnar frá upphafi siðbótarinnar en prestvígsla kvenna. Með því að veita konum aðgang að hinni vígðu þjónustu varð þeim helmingi safnaðar meðlima sem, vegna kyns síns, hafði um aldir haft takmarkaðan möguleika á að taka virkan þátt í starfinu innan kirkjunnar, gert kleift að syngja messur, útdeila sakramentunum og prédika orðið. Það má færa fyrir því rök að kaflaskilin sem urðu þegar konur fengu prestvígslu hafi breytt vígðri þjónustu hinnar evangelísk-lúthersku kirkju til jafns við þær róttæku breytingar sem urðu við klofning siðbótarhreyfinganna frá Rómarkirkjunni. Á meðal mótmælendakirkna hefur verið breið samstaða um að breyta út af þeirri aldagömlu hefð að vígja bara karlkyns presta, en þó með undantekningum. Lútherskar kirkjur hófu að vígja konur um miðja tuttugustu öldina og þó að enn séu kirkjur í lútherskum sið sem neita konum um vígslu fer þeim fækkandi.<sup>5</sup> Þegar lútherskar konur hófu að gera tilkall til þess að fá aðgang að vígðri þjónustu á síðari hluta tuttugustu aldar mættu þær víða harðri andstöðu þeirra sem vildu tryggja að karlar sinntu henni áfram án aðkomu kvenna. Andstæðingar prestvígslu kvenna hafa fyrst og fremst notað hefðarsöguleg rök í málflutningi sínum, annaðhvort þau að konur hafi aldrei verið prestar eða þá að Jesús hafi valið karla en ekki konur til þess að vera postular. Þá hefur einnig verið gengið út frá því að konur væru þannig gerðar frá náttúrunnar hendi að þær gætu ekki sinnt hlutverki prests. Þessi rök bera vitni um hugmyndir feðraveldisins um konur, sem víða má sjá merki um í textum Ritningarinnar, ekki bara í Gamla testamentinu heldur líka í því Nýja.

Einkaréttur karla til prestvígslu og prestsþjónustu hefur frá upphafi verið réttlættur með vísun til hugmyndarinnar um skikkan sköpunarinnar, þar sem gengið hefur verið út frá því að karlar séu skapaðir af Guði til að vera æðri konum og drottna yfir þeim en konum sé aftur á móti ætlað að þjóna körlum

---

<sup>4</sup> „Declaration on the Question of the Admission of Women to the Ministerial Priesthood“, 1977, sótt 01.10.2024 af

[https://www.vatican.va/roman\\_curia/congregations/cfaith/documents/rc\\_con\\_cfaith\\_doc\\_19761015\\_inter-insigniores\\_en.html](https://www.vatican.va/roman_curia/congregations/cfaith/documents/rc_con_cfaith_doc_19761015_inter-insigniores_en.html);

„Apostolic Letter of John Paul II to the Bishops of the Catholic Church on Reserving Priestly Ordination to Men Alone“, 1994, sótt 01.10.2024 af

[https://www.vatican.va/content/john-paul-ii/en/apost\\_letters/1994/documents/hf\\_jp-ii\\_apl\\_19940522\\_ordinatio-sacerdotalis.html](https://www.vatican.va/content/john-paul-ii/en/apost_letters/1994/documents/hf_jp-ii_apl_19940522_ordinatio-sacerdotalis.html).

<sup>5</sup> Hér má nefna ávarp forseta kirkjuþings lúthersku kirkjunnar í Missouri í Bandaríkjunum: A.L. Barry, „What About ... The Ordination of Women to the Pastoral Office“, sótt 01.10.2024 af

<https://www.zlcb.org/what-about-the-ordination-of-women-to-the>.

og hlýða í hvívetna.<sup>6</sup> En rökin með kynjajafnrétti og virkri þátttöku kvenna í vígðri sem óvígðri þjónustu innan kirkjunnar eru líka byggð á biblíutextum. Þar er helst að nefna fyrri sköpunarsöguna í fyrsta kafla Fyrstu Mósebókar og hina fornu skírnarformúlu sem er að finna í þriðja kafla Galatabréfsins. Þannig hefur t.d. Lútherska heimssambandið byggt stefnu sína um jafnréttisréttlæti (e. *Gender Justice Policy*) frá 2013 annars vegar á vitnisburðinum um að bæði konur og karlar séu sköpuð í mynd Guðs (lat. *imago dei*) og hins vegar á hugmyndinni um kirkjuna sem jafningjasamfélag sem kristið fólk er skírt inn í. Því beri kirkjan ríka ábyrgð á að boða og framkvæma í samræmi við það og um leið að hafna túlkunum sem eru notaðar til að réttlæta útilokun og valdamisnotkun gegn konum.<sup>7</sup>

## Prestaskóli fyrir karlana

Árið 1847 var Prestaskólinn stofnaður með aðsetur í Reykjavík. Konum var meinaður aðgangur að skólanum fram til ársins 1886, þegar gefin var út tilskipun þar sem kveðið var á um rétt kvenna til að gangast undir próf í Lærða skólanum í Reykjavík, Prestaskólanum og Læknaskólanum og njóta kennslu í þeim síðarnefndu. Um réttindi kvenna í seinni tveimur skólunum segir í 2. gr.:

Konur eiga enn fremur rjett á að njóta kennslunnar á prestaskólanum og læknaskólanum í Reykjavík, ef þær fullnægja skilyrðum þeim, er um karlmenn eru sett í því efni. Þessa rjettar njóta þær til fulls, að því er kennslu á læknaskólanum snertir, og mega þær og ganga undir burtfararpróf skólans, ef þær fullnægja að öðru leyti skilyrðunum fyrir því. En að því er prestaskólann snertir, þá mega þær aðeins að nokkru leiti njóta kennslunnar á honum og setur ráðgjafinn fyrir Ísland nákvæmari reglur þarum. Eigi mega þær heldur ganga undir burtfararpróf þessa skóla, en geta lokið námi sínu þar með því að ganga undir sjerstakt próf í guðfræði; en ráðgjafinn fyrir Ísland til tekur námsgreinarnar og kveður á um hvernig því prófi skuli háttáð.<sup>8</sup>

Um takmörkun þeirra réttinda sem þessi tilskipun veitir konum segir enn fremur:

Með því að ganga undir próf þau, er getur um í þessari tilskipun, öðlast konur engann aðgang að embættum nje heldur rjett á að njóta góðs að styrktarfje því, er hingað til hefur ákveðið verið námsmönnum við presta- og læknaskólann. Konur mega heldur eigi stúga í stólinn, þótt þær njóti kennslu á prestaskólanum eða hafi gengið undir próf það í guðfræði, er getur um í 2. gr.<sup>9</sup>

Vegna þessara takmarkana ákváðu kennarar í Prestaskólanum að konur myndu ekki njóta sömu menntunar og karlar heldur tækju „trúarbragðapróf“, eins og í háskólanum í Kaupmannahöfn.<sup>10</sup> Af þessum sökum var þeim meinað

<sup>6</sup> Sjá t.d.: „The Order of Creation: Theology, History, Definition“, CTCR Report, Commission on Theology and Church Relations, The Lutheran Church, Missouri Synod, október 2022, sótt 03.10.2024 af

[https://files.lcms.org/file/preview/ctcr-report-the-order-of-creation-2022?\\_gl=1\\*1ktgby\\*\\_\\*\\_ga\\*MTg5MTQ3MDk1OC4xNzZmZTA5Mjcj\\*\\_ga\\_Z0184DBP2L\\*MTczMzUwOTI3MC4xLjAuMTczMzUwOTI3MC4wLjAuMA](https://files.lcms.org/file/preview/ctcr-report-the-order-of-creation-2022?_gl=1*1ktgby*_*_ga*MTg5MTQ3MDk1OC4xNzZmZTA5Mjcj*_ga_Z0184DBP2L*MTczMzUwOTI3MC4xLjAuMTczMzUwOTI3MC4wLjAuMA).

<sup>7</sup> „Gender Justice Policy“, The Lutheran World Federation, A Communion of Churches, 2013, bls. 4–5, sótt 03.10.2024 af [http://lutheranworld.org/sites/default/files/2022-02/DTPW-WICAS\\_Gender\\_Justice.pdf](http://lutheranworld.org/sites/default/files/2022-02/DTPW-WICAS_Gender_Justice.pdf).

<sup>8</sup> Tilskipun nr. 27 frá 4. des 1886, *Stjórnartíðindi* 1886 A, bls. 96, sótt 05.10.2024 af [https://urlausnir.is/skrar/Stjornartidindi/Stj%C3%B3rnart%C3%AD%C3%B0indi%201886%20-%20A-deild\\_%C3%BAtg1.0-OCR.pdf](https://urlausnir.is/skrar/Stjornartidindi/Stj%C3%B3rnart%C3%AD%C3%B0indi%201886%20-%20A-deild_%C3%BAtg1.0-OCR.pdf).

<sup>9</sup> Sama heimild, bls. 98.

<sup>10</sup> Benjamín Kristjánsson, *Saga Prestaskólans og Guðfræðideildar Háskólans 1847–1947*, Reykjavík: H.F. Leiftur, 1947, bls. 169.

að læra þær greinar sem undirbjuggu nemendur sérstaklega fyrir hina vígðu þjónustu, þ.e. „þrjedikunarlist“, kennimannlega guðfræði og kirkjurétt, en þær máttu aftur á móti leggja stund á „biflíupýðingu, trúarfræði, siðafræði og kirkju-sögu“.<sup>11</sup> Fyrir utan þessar takmarkanir þurftu konurnar að fá aðra einkunn til að standast prófið í Prestaskólanum en körlunum dugði þriðja einkunn.<sup>12</sup> Benjamín Kristjánsson segir í sögu sinni um prestsmenntun á Íslandi 1847–1947 að kona hafi aldrei innritast í Prestaskólann.<sup>13</sup>

Ekki fannst öllum mikið til um þau réttindi sem konur fengu með umræddri tilskipun og töldu að þau gengju alltof skammt. Á meðal þeirra voru alþingismennirnir Skúli Thoroddsen, ritstjóri *Þjóðviljans*, og sr. Ólafur Ólafsson, síðar prestur Fríkirkjunnar í Reykjavík. Skúli og Ólafur voru nýkjörnir á Alþingi sumarið 1891 og hófu strax að beita sér fyrir auknum lagalegum réttindum kvenna. Þeir lögðu m.a. fram frumvarp til laga „um rjett kvenna til að njóta kennslu á menntunarstofnunum landsins og um aðgang þeirra að embættum“, sem var ætlað að koma í staðinn fyrir lögin frá 1886. Í frumvarpi þeirra félagar er gengið út frá því að konur eigi að njóta sömu réttinda og karlar, að því gefnu að þær uppfylli sömu skilyrði og þeir.<sup>14</sup> Í framsöguræðu sinni sparar sr. Ólafur ekki gagnrýni sína á samtímamenn sína sem hann telur að hafi stolið frá konunum tækifærum til að menntast og að láta til sín taka á opinberum vettvangi. Hann notar guðfræðilegan rökstuðning eins og t.d. þegar hann skorar á samtímamenn sína með þessum orðum:

Gefum kvennfólkinu kost á að nota þá hæfilegleika og krapta, sem Guð hefur gefið þeim [áhersla höfundar], og meinum ekki fósturjörð vorri að hafa það gagn, sem mögulegt er, af göfuglyndum, menntuðum og framkvæmdasömum konum. Opnum nú helgidóm vísindanna fyrir konum vorum. Látum þær skipa með oss öndvegi, þær eru til þess bornar af Guði [áhersla höfundar]. Jeg skal ekki fara langt út í mál þetta að sinni, en einungis bæta því við, að kvennfólkið á helgan rjett á að fá þetta, sem hjer er farið fram á.<sup>15</sup>

Þetta frumvarp náði ekki fram að ganga. Það endaði í nefnd sem aldrei tók til starfa.<sup>16</sup> Ljóst er að þetta frumvarp er fyrirmyndin af frumvarpinu sem varð að lögum árið 1911 og veittu konum þann rétt sem Ólafur og Skúli kölluðu eftir.

Í þessu sambandi er ástæða til að geta þess að Ólafur lét sér ekki nægja að tala máli kvenna á Alþingi heldur hélt hann opinberan fyrirlestur í Reykjavík þetta sama sumar, undir heitinu „Olnbogabarnið“, þar sem hann færði rök fyrir því að konur hefðu stöðu olnbogabarns í íslensku samfélagi hvað varðar menntun, frelsi og almenn réttindi.<sup>17</sup> Í máli sínu grípur Ólafur gjarnan til guðfræðilegrar orðræðu, eins og í hann gerði í framsöguræðu sinni á Alþingi, þegar hann mælti fyrir frumvarpi sínu og Skúla. Í niðurlagi málflutnings síns dregur hann upp eftirfarandi framtíðarsýn:

<sup>11</sup> [Án höfundar], „Guðfræðisnám kvenna“, *Ísafold* 55/1887, bls. 217.

<sup>12</sup> Sama stað.

<sup>13</sup> Benjamín Kristjánsson, *Saga Prestaskólans og Guðfræðideildar Háskólans 1847–1947*, bls. 171.

<sup>14</sup> *Alþingistíðindi* 1891 C-deild, bls. 144–145, sótt 06.10.2024 af

[https://www.althingi.is/altext/althingistidindi/L010/010\\_thing\\_1891\\_thingskjol.pdf](https://www.althingi.is/altext/althingistidindi/L010/010_thing_1891_thingskjol.pdf).

<sup>15</sup> *Alþingistíðindi* 1891 B-deild, d. 425–427, sótt 06.10.2024 af

[https://www.althingi.is/altext/althingistidindi/L010/010\\_thing\\_1891\\_umraedur\\_nedri\\_deild.pdf](https://www.althingi.is/altext/althingistidindi/L010/010_thing_1891_umraedur_nedri_deild.pdf).

<sup>16</sup> „Um réttindi kvenna: II“, *Þjóðviljinn ungi* 20–21/1892, bls. 77.

<sup>17</sup> Ólafur Ólafsson, *Olnbogabarnið: Um frelsi, menntun og rjettindi kvenna*, Reykjavík: Ísafoldarprentsmiðja, 1892.

Það á að koma og kemur einhvern tíma sá tími, að konur sitja hjer á Þingmannabekkjum og taka þátt í löggjöf lands og þjóðar, að konur sitja í dómarasætum, boða guðsorð, gegna lækna-störfum, kenna við skólana og rækja hver önnur störf, sem karlmennirnir nú hafa einkarjett til að hafa með höndum.<sup>18</sup>

Það er ekki ólíklegt að sr. Ólafur Ólafsson sé eini karlpresturinn sem borið hefur upp tillögu á prestastefnu til stuðnings jafnréttiskröfu kvenna, en það gerði hann á prestastefnu á Þingvöllum sumarið 1909 ásamt sr. Haraldi Niels-syni próffessor. Tillaga þeirra var samþykkt samhljóða.<sup>19</sup>

En það voru ekki bara Skúli Thoroddsen og sr. Ólafur Ólafsson sem töldu þau réttindi sem konur fengu árið 1886 ófullnægjandi. Í grein sem birtist í *Þjóðólfi* sumarið 1893 eftir „S.S.“ talar höfundurinn um „makalausú lögin“ og það má segja að hann spari ekki stóru orðin, eins og kemur m.a. fram í þessari tilvitnun:

En að því er snertir prestaskólann, þá mega þær að eins að nokkru leyti njóta kennslu á honum og á ráðgjafi að setja reglur um það! Þær mega því alls ekki ganga undir burtfararpróf þess skóla, en geta þó lokið námi sínu þar, með því að ganga undir *sérstakt próf*. En sá jöfnuður! [...] En þrátt fyrir allt þetta öðlast þær þó ekki rétt til embætta, og fá heldur ekki notið þess fjár, sem ákveðið hefur verið námsmönnum við lækna- og prestaskólann. Og enn fremur hafa þær ekki rétt til að stúga í stólinn, þrátt fyrir það þó þær inni af hendi áður nefnd ráðgjafapróf.<sup>20</sup>

Að mati höfundar þessa pistils í *Þjóðólfi* brutu lögin gegn mannréttindum kvenna, þar sem þau sviptu þær réttindum til námsstyrkja og „allri von um embætti að afloknum prófum“.<sup>21</sup>

### Lögin sem konurnar (og sumir karlar) höfðu beðið eftir

Það var mikið um að vera í kvennabaráttunni í kringum aldamótin 1900. Margar öflugar konur lögðu þessari baráttu lið og saman mynduðu þær fylkingu sem með dugnaði og þrautseigju unnu markvisst að samfélagslegum breytingum með dyggri aðstoð karla sem gegndu áhrifastöðum í samfélaginu og vildu leggja sín lóð á vogarskálarnar. Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1856–1940) var sannur brautryðjandi og óhrædd við að fara inn á svið sem karlar höfðu átt út af fyrir sig. Hún var ekki aðeins fyrsta konan til að fá birta eftir sig blaðagrein hér á landi, heldur einnig fyrsta konan til að halda opinberan fyrirlestur á Íslandi. Grein Bríetar birtist í *Fjallkonunni* sumarið 1885 undir dulnefni og bar yfirskriftina „Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna“.<sup>22</sup> Fyrirlestur sinn hélt Bríet í lok árs 1887 en viðfangsefni hans var náskyld efni blaðagreinarinnar, eða hagur og réttindi kvenna. Í fyrirlestrinum lagði Bríet áherslu á að greina upphaf þeirrar kúgunar sem konur höfðu mátt þola um aldir og voru niðurstöður hennar að rætur kúgunar kvenna væri að finna í kristinni trú. Bríet taldi það eitt og sér ekki vera meginvandamálið heldur þeir karlmenn sem hafi nýtt

<sup>18</sup> Sama heimild, bls. 46.

<sup>19</sup> [Án höfundar], „Prestastefnan á Þingvelli, jafnrétti kvenna“, *Ísafold* 42/1909, bls. 166–167, hér 167. Sjá nánar um Ólaf Ólafsson: Arnfríður Guðmundsdóttir, „Sr. Ólafur Ólafsson fríkirkjuprestur og kvenréttindabaráttan um aldamótin 1900: Aðdragandi laga um rétt kvenna til embættisnáms, styrkja og embætta“, *Ábrif Lúthers: Síða-skípti, samfélag og menning í 500 ár*, ritstj. Hjalti Hugason, Loftur Guttormsson og Margrét Eggertsdóttir, Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 2017.

<sup>20</sup> S.S., „Um kjör og réttindi kvenna“, *Þjóðólfi* 28/1893, bls. 109.

<sup>21</sup> Sama stað.

<sup>22</sup> Bríet Bjarnhéðinsdóttir, „Nokkur orð um menntun og rjettindi kvenna“, *Fjallkonan* 11/1885, bls. 42–43.



sér þennan boðskap til að réttlæta yfirgang sinn og harðræði sem konur hafi mátt þola af þeirra hendi.<sup>23</sup>

Með stofnun *Kvennablaðsins* árið 1895 skapaði Bríet mikilvægan vettvang fyrir málstað kvenna og réttindabaráttu þeirra. Að mati Sigríðar Th. Erlendsdóttur sagnfræðings varð *Kvennablaðið* „aðalvopnið í höndum hennar við að vekja íslenskar konur til vitundar um réttleysi sitt og hvetja þær til dáða“.<sup>24</sup> Bríet stofnaði Kvenréttindafélags Íslands 1907 sem hafði það að markmiði að íslenskar konur fengju „fullt stjórnmalajafnrétti við karlmenn, kosningarétt, kjörgengi svo og rétt til embætta og atvinnu með sömu skilyrðum og þeir.“<sup>25</sup> Áður hafði Hið íslenska kvenfélag undir stjórn Þorbjargar Sveinsdóttur, sem var stofnað árið 1895, haft aukin réttindi kvenna á dagskrá.<sup>26</sup> Þessi félög, ásamt þremur öðrum kvenfélögum sem starfandi voru í Reykjavík á þessum tíma, sameinuðust um stofnun kvennaframboðs við bæjarstjórnarkosningarnar í Reykjavík 1908. Vann þessi framboðslisti stórsigur og kom fjórum konum í bæjarstjórn.<sup>27</sup> Árangur kvennaframboðsins hafði mikil áhrif á íslenska kvennabaráttu og hvatti konurnar áfram í átt að frekari áfangasigrum.

Lög um rétt kvenna til embættisnáms, námsstyrks og til embætta, sem byggð voru á frumvarpi sr. Ólafs Ólafssonar og Skúla Thoroddsens frá 1891, ásamt lögnum um kosningarétt kvenna frá 1915, ollu vatnaskilum í réttindasögu íslenskra kvenna. Hannes Hafstein fyrrverandi ráðherra var flutningsmaður fyrra frumvarpsins og lagði það fram vorið 1911 og það kom fram í máli hans á Alþingi að frumvarpið væri til komið vegna hvatningar vinkonu hans, Bríetar Bjarnhéðinsdóttur.<sup>28</sup> Frumvarpið samanstóð af fjórum greinum:

1. gr. Konur eiga sama rétt eins og karlmenn til að njóta kenslu og ljúka fullnaðarprófi í öllum mentastofnunum landsins.
2. gr. Konur eiga sama rétt eins og karlmenn til hlutdeildar í styrktarfé því, sem veitt er af opinberum sjóðum námsmönnum við æðri og óæðri mentastofnanir landsins.
3. gr. Til allra embætta hafa konur sama rétt og karlmenn, enda hafa þær og í öllum greinum, er að embættisrekstri lúta, sömu skyldur og karlmenn.
4. gr. Með lögum þessum fellur úr gildi tilskipun 4. desbr. 1886 um rétt kvenna til að ganga undir próf hins lærða skóla í Reykjavík, prestaskólans og læknaskólans og til þess að njóta kenslu í þessum síðasttöldu skólum.<sup>29</sup>

Frumvarpið var umdeilt og margir alþingismenn sáu ýmsa vankanta á því. Málið var sett í nefnd, þar sem sátu þrír menn, og einn af þeim af sr. Eiríkur

---

Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, 1997, bls. 341. Nánar um efni fyrirlestursins, sjá: Arnfríður Guðmundsdóttir, „Bríet og Biblían: Um biblíutúlkun í upphafi íslenskrar kvennabaráttu“, *Kvennabaráttu og kristin trú*, ritstj. Arnfríður Guðmundsdóttir og Kristín Ástgeirsdóttir, Reykjavík: JPV, 2009, bls. 165–204, hér 178–183.

<sup>24</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, „Bríet Bjarnhéðinsdóttir (1856–1940)“, *Kvennasögusafn Íslands*, 2007/2020, sótt 09.10.2024 af <https://kvennasogusafn.is/index.php?page=briet-bjarnhedinsdottir>.

<sup>25</sup> Sigríður Th. Erlendsdóttir, *Veröld sem ég vil: Saga Kvenréttindafélags Íslands 1907–1992*, Reykjavík: Kvenréttindafélag Íslands, 1993, bls. 73–74.

<sup>26</sup> Arnfríður Guðmundsdóttir, „Heldri kona“ beitir sér fyrir auknum réttindum kvenna: Valgerður Jónsdóttir (1863–1913)“, *Ritvæð Guðfræðistofnunar* 58/2024, bls. 3–17, hér 10–12, sótt 09.10.2024 af <https://timarit.hi.is/ritrodgudfraedistofnunar/article/view/285/312>.

<sup>27</sup> Auður Styrkáróttir, *From Feminism to Class Politics: The Rise and Decline of Women's Politics in Reykjavík — 1908–1922*, Umeå University, Department of Political Science, 1998, bls. 95–97. Sjá líka: Erla Hulda Halldórsdóttir, Kristín Svava Tómasdóttir, Ragnheiður Kristjánsdóttir og Þorgerður H. Þorvaldsdóttir, *Konur sem kjósa: Aldarsaga*, Reykjavík: Sögufélag, 2020, bls. 76.

<sup>28</sup> *Alþingistíðindi* 1911 B-II, d. 1332–1333, sótt 09.10.2024 af [https://www.althingi.is/altxt/althingistidindi/L022/022\\_thing\\_1911\\_umraedur\\_nedri\\_deild.pdf](https://www.althingi.is/altxt/althingistidindi/L022/022_thing_1911_umraedur_nedri_deild.pdf).

<sup>29</sup> 67. mál, lagafrumvarp, 22. löggjafarþing 1911, sótt 10.10.2024 af

Briem kennari við Prestaskólann.<sup>30</sup> Nefndin lagði til að frumvarpið yrði samþykkt, en með tveimur breytingum. Önnur hafði með orðalag að gera, en hin var efnisbreyting þar sem meirihluti nefndarinnar lagði til að prestsembætti væru undanskilin, með þessum rökstuðningi:

Það eru ekki fáir, sem hafa þá skoðun, að það samrýmist ekki grundvallarreglum hinnar evangelísku kirkju, að konur séu í prestsembættum. Að vísu getur nefndin ekki aðhylst þessa skoðun, en af því, að þeir menn eru til, sem líta svo á, þá áleit nefndin, að trúartilfinningar þeirra gætu orðið særðar, og það taldi meiri hluti nefndarinnar varhugavert. Enda mundi það ekki verða þýðingarmikill réttarmissir fyrir konur, þó að þessi undantekning væri gerð.<sup>31</sup>

Í upphafi síðari umræðu lýsti framsögumaðurinn, Hannes Hafstein fyrrverandi ráðherra, því yfir að hann liti svo á að þetta frumvarp væri til þess að ljúka við það „hálfgerða verk“ sem tilskipunin frá 1886 var.<sup>32</sup> Sr. Sigurður Gunnarsson prófastur lýsti þeirri skoðun sinni „að konur ættu að hafa sama rétt sem karlar“ og kvaðst ekki óttast þær afleiðingar sem það gæti haft í för með sér.<sup>33</sup> Flestir sem tóku til máls tóku undir með framsögumanni og á svipuðum nótum og sr. Sigurður. Að mati Hannesar kom bara tvennt til greina, engar millileiðir, annaðhvort styddu menn „[j]afnrétti eða ekki jafnrétti“, og því væri „ekki annað að gera, en segja já eða nei“.<sup>34</sup> Þó að Hannes ætti helst von á mótstöðu frá fulltrúum kirkjunnar, þá reyndist svo ekki vera. Tveir þingmenn reyndust neikvæðastir. Annars vegar var það Jón Jónson bóndi, sem taldi karlana einfaldlega „miklu færari um að gæta opinberra starfa en kvenfólk“.<sup>35</sup> Hinn var Jón Þorkelsson þjóðskjalavörður en hann óttaðist afleiðingarnar af því að konur fengju aðgang að opinberum embættum og myndu í kjölfarið hætta að sinna hinum hefðbundnu kvennastörfum sem karlar gætu ekki leyst af hendi.<sup>36</sup> Hinn síðarnefndi hafði líka áhyggjur af því að prestvígsla kvenna bryti í bága við kristna trúarhefð, eins og kemur fram í eftirfarandi tilvitnun í ræðu hans:

... Það hefir verið sagt, að í kristnum fræðum myndi ekkert vera því til fyrirstöðu, að konur gegndu prestsstörfum. Eg hugsa nú samt, að alt frá upphafi kristinnar og fram á þennan dag hafi það hvergi þótt hæfa...<sup>37</sup>

Þessum orðum Jóns svaraði sr. Eggert Pálsson á afgerandi hátt, en að hans mati var vígsla kvenna í samræmi við „anda kristindómsins“ en alls ekki í andstöðu við hann. Í svari sínu sagði hann m.a.:

---

<https://www.althingi.is/alttext/pdf/22/s/0124.pdf>.

<sup>30</sup> *Alþingistíðindi* 1911 B-I, d. 699, sótt 10.10.2024 af

[https://www.althingi.is/alttext/althingistidindi/L022/022\\_thing\\_1911\\_umraedur\\_efri\\_deild\\_og\\_sameinad\\_thing.pdf](https://www.althingi.is/alttext/althingistidindi/L022/022_thing_1911_umraedur_efri_deild_og_sameinad_thing.pdf).

<sup>31</sup> Sama heimild, d. 699–700.

<sup>32</sup> *Alþingistíðindi* 1911 B-II, d. 1320.

<sup>33</sup> Sama heimild, d. 1321.

<sup>34</sup> Sama heimild, d. 1323–1324.

<sup>35</sup> Sama heimild, d. 1324–1325.

<sup>36</sup> Sama heimild, d. 1329.

<sup>37</sup> Sama heimild, d. 1330.



Hvað þriðju ástæðuna snertir, að það stríði á móti kristnum fræðum að veita konum sama rétt sem karlmönnum, þá kannast eg ekki við, að það hafi við nokkuð að styðjast. Það er ekki rétt, er háttv. 1. þm. Rvk. (J. Þ.) sagði, að í vorum trúarbrögðum væri konum bannað að vera prestar. Kristindómurinn getur þvert á móti lagað sig eftir öllum þjóðfélagsskipunum, hvernig svo að segja sem fyrirkomulag þjóðfélagsins kann að vera. Þá er þrælaverzlunin átti sér stað, var kristindómurinn notaður til þess að halda vörnum uppi fyrir henni. En nú er svo komið, að enginn vill mæla henni bót. Það er því einmitt samkvæmt en ekki gagnstætt anda kristindómsins, að konur hafi í öllu jafnrétti við karlmenn. Því það er andi réttlætisins og sanngirninnar, sem hann hefir til að bera, en ekki andi rangsleitinnar og ósanngirninnar.<sup>38</sup>

En Jón var ekki á því að gefast upp fyrr en í fulla hnefana og endaði mál sitt með þrumuræðu, þar sem hann sagði m.a.:

Eg fer að halda, að eg sé betur að mér í kirkjulögum og kristnirétti en 1. þm. Eyf. (H. H.). Það er bannað frá elztu öldum kristinnar, að konur hafi nokkurt prédikaraembætti á hendi. Páll postuli, höfuðgrundvallari kristindómsins, býður að konur skuli halda sér saman í kirkjunni og steinpegja í söfnuðinum. Kaþólska kirkjan hefir og haldið það strangt og heldur enn, að kvenmenn megi ekki klerkar vera, hvorki æðri né lægri palla. Og lúterska kirkjan hefir tekið það í arf, að konur megi ekki vera prestar, og hingað til hefir aldrei verið vikið frá þeirri reglu. Ef konur ætti [svo] að lögum að vera prestar hér, þá merkir það í rauninni ekki annað en að lúterska kirkjan gæti ekki verið þjóðkirkja lengur hér á landi. En sá er enn galli þar á, að slíkt getur ekki orðið, nema með því móti að breyta stjórnarskránni. Ef þessi lög ná staðfestingu konungs, þá er þar með staðfest stjórnarskrárbrót ...<sup>39</sup>

Hannes Hafstein var ekki til í að sitja þegiandi undir þessum ásökunum Jóns og svaraði honum í sömu mynt:

Eg mótmæli því sem gersamlega ástæðulausu, að lög þessi fari að neinu leyti í bág við stjórnarskipunarlæg landsins. Til þess að þetta geti talist koma í bága við boð 45. gr. stjórnarskrárinnar, að hin evangelisk-lúterska kirkja skuli vera þjóðkirkja hér á landi — þarf fyrst að sanna, að hin evangelisk-lúterska kirkja geti ekki staðist, ef konur fá prestsembætti. En í þá átt hefir ekki heyrst nein rödd.<sup>40</sup>

Hannes átti síðasta orðið áður en gengið var til kosninga. Niðurstaðan var ótvíræð, sextán atkvæði með og fimm á móti. Þar með var málið samþykkt og afgreitt sem lög frá Alþingi. En það fór eins og margir alþingismennirnir töldu víst, að konurnar myndu ekki bíða í röðum eftir að verða prestar. Það er aftur á móti ljóst að þegar kom að því að kona bankaði á dyrnar og óskaði eftir prestvígslu þá voru það þessi lög sem réðu úrslitum. Lögin voru skýr, konur höfðu samkvæmt þessum lögum sama rétt og karlar til að gegna öllum embættum, líka prestsembættinu, þar sem breytingartillagan um undanþáguákvæðið hlaut ekki brautargengi.

### Aðdragandinn að prestvígslu fyrstu konunnar í íslensku þjóðkirkjunni

Konur flykkust ekki í Guðfræðideild hins nýstofnaða Háskóla Íslands þrátt fyrir að lögin veittu þeim sama rétt og körlum til að stunda þar nám. Það var ekki fyrr en árið 1945 að fyrsta konan útskrifaðist sem cand. theol. og hlaut þar með embættisgengi í íslensku þjóðkirkjunni. Þetta var Geirprúður Hildur Jónsdóttir Bernhöft (1921–1987) sem vígðist ekki til prests, heldur starfaði sem ellimálafulltrúi Reykjavíkurborgar.<sup>41</sup> Önnur konan sem útskrifaðist með cand.

<sup>38</sup> Sama heimild, d. 1338.

<sup>39</sup> Sama heimild, d. 1342.

<sup>40</sup> Sama heimild, d. 1342–1343.

<sup>41</sup> Gunnlaugur Haraldsson, *Guðfræðingatal 1848–2002 1*, Reykjavík: Prestafélag Íslands, 2002, bls. 352–353. Ennþá hefur ekki verið unnið úr gögnum sem fjölskylda Geirprúðar gaf til Landsbókasafnsins. Samkvæmt pistli á

theol. gráðu frá Guðfræðideild Háskóla Íslands var Auður Eir Vilhjálmisdóttir (f. 1937). Hún lauk prófi árið 1962 en sótti ekki um embætti í þjóðkirkjunni fyrr en áratug síðar. Hún keppti við þrjá aðra umsækjendur um Kársnesprestakall árið 1972 en fékk ekki.<sup>42</sup> Tveimur árum síðar vildi sóknarnefnd Staðarprestakalls í Súgandafirði fá hana til að gegna starfi sóknarprests, en fyrst þurfti hún að vígjast til prests. *Réttilega köllum*, sem talað er um í 14. gr. Ágsborgarjátningarinnar, nauðsynlegan undanfara prestvígslunnar, hafði hún fengið frá söfnuðinum á Suðureyri og þá var komið að því að láta á það reyna hvort að hún fengi vígsluna.

Heimildir um viðbrögð við vígslu fyrstu konunnar í íslensku þjóðkirkjunni eru mjög af skornum skammti. Andstætt því sem átti sér stað í Noregi, Svíþjóð og Danmörku virðist takmörkuð guðfræðileg umræða hafa farið fram hér á landi af þessu tilefni. Til eru heimildir um viðbrögð þeirra sem biskup spurði álits áður en hann gerði upp hug sinn, en það voru kirkjuráð, stjórn Prestafélags Íslands og formaður KFUM. Í lokaritgerð í kirkjusögu sem Jóna Hrönn Bolladóttir og Sigrún Óskarsdóttir skrifuðu vorið 1991 er m.a. að finna viðtöl við nokkra álitsgjafa sem biskup leitaði til haustið 1974. Að auki eru þar svör nokkurra einstaklinga sem voru teknir tali í tengslum við vígsluna.<sup>43</sup> Einhver skoðanaskipti fóru fram í dagblöðum en hér verður sjónum fyrst og fremst beint að afstöðu presta og guðfræðinga. Í skýrslu biskups á synodus vorið 1975 er að finna rökstuðning fyrir ákvörðun hans.

Samkvæmt þeim heimildum sem eru aðgengilegar kallaði biskup Íslands stjórn Prestafélags Íslands til sín á fund og óskaði eftir afstöðu stjórnarmanna til prestvígslu kvenna. Hann bað um að fá sent skriflegt álit stjórnarinnar. Stjórnin hittist á fundi 5. september og ræddi saman áður en gengið var frá bókun sem fjórir af fimm stjórnarmönnum komu sér saman um. Í bókuninni stendur:

Þeir lýsa sig samþykka því, að biskup veiti konum vígslu, að loknu guðfræðiprófi og þær fái embætti í kirkjum. Þeir sjá engar guðfræðilegar mótbáru gegn því, þótt erfðavenja styðji slíkt ekki. En jafnrétti kynjanna og íslensk löggjöf gerir andstöðu óraunhæfa.<sup>44</sup>

Sá stjórnarmaður sem ekki stóð að þessari bókun var sr. Arngrímur Jónsson, sem lýsti skoðun sinni á málinu í viðtali við *Morgunblaðið* sem birt var á vígsludaginn, 29. september 1974. Gerð verður grein fyrir hans afstöðu hér á eftir. Í bókun meirihluta stjórnar Prestafélags Íslands kemur fram eindregin afstaða með vígslu kvenna. Það að stjórnarmedlimir sjái engar „guðfræðilegar mótbáru“ þó að öðru máli gegni um „erfðavenjuna“ gefur sterklega til kynna að þeir líti svo á að trúarhefðin sé ekki óbreytanleg heldur frekar eitthvað sem

---

Hugrás eftir Pétur Pétursson hafði Geirþrúður áhuga á að verða prestur en sá sér ekki fært að láta á það reyna vegna fjölskylduadæðna. Þar kemur einnig fram að Sigurgeir Sigurðsson, biskup, hafi hvatt hana til að sækja um prestsembætti og sagt henni að hann myndi vígja hana. Sjá: Pétur Pétursson, „Að láta sér detta í hug að vígja þessa stelpu!“, *Hugrás – Vefrit Hugvísindasviðs Háskóla Íslands*, 6. febrúar 2014, sótt 12.10.2024 af <https://hugras.is/2014/02/ad-lata-ser-detta-i-hug-ad-vigja-thessa-stelpu/>.

<sup>42</sup> Kristín Ástgeirsdóttir, „Við höfum bara aldrei séð konu í hempu!“, *Kvennaslóðir: Rít til heidurs Sigríði Th. Erlendsdóttur sagnfræðingi*, Reykjavík: Kvennasögusafn Íslands, 2001, bls. 380–396, hér 386.

<sup>43</sup> Jóna Hrönn Bolladóttir og Sigrún Óskarsdóttir, *Íslenskir kvenprestar 1974–1991. Lokaritgerð í kirkjusögu, Guðfræðideild Háskóla Íslands*, júní 1991.

<sup>44</sup> [Án höfundar], „Skulu konur þegja á safnadsamkomum? Leitað álits klerka og leikmanna á vígslu fyrsta íslenska kvenprestsins“, *Morgunblaðið* 29. sept. 1974, bls. 10. Nánar er fjallað um afstöðu Prestafélags Íslands í ritgerð Jónu Hrannar Bolladóttur og Sigrúnar Óskarsdóttur, *Íslenskir kvenprestar 1974–1991*, bls. 19–22.

þróist og taki breytingum í nýjum aðstæðum. En útslagið gerir augljóslega kynjajafnréttið og lögin, sem hvorttveggja styðja það að konur fái prestvígslu.

Síðar í septembermánuði var málið á dagskrá kirkjuráðs, sem fór með framkvæmdavaldið fyrir kirkjuþing á milli þinga á þessum árum, en forseti kirkjuráðs var biskup Íslands. Í fundargerð kirkjuráðs frá 19. september 1974 segir m.a.:

Biskup skýrði kirkjuráði frá því, að til mála kæmi nú í fyrsta sinn í sögu kirkju okkar, að kona tæki prestvígslu. Óskaði biskup eftir álit kirkjuráðs á þessu máli. Leitaði biskup álits kirkjuráðsmanna, í fyrsta lagi á því hver væri þeirra persónulega afstaða til þess að konur fái prests-embætti og í öðru lagi, hvort þeir telji, að mál þetta gæti valdið verulegum ágreiningi í kirkjunni. Kirkjuráðsmenn gerðu hver fyrir sig grein fyrir skoðun sinni og kom álit þeirra í einn stað niður um það. Í fyrsta lagi, að þeir sæju ekki guðfræðilega meinbugi á því að kona tæki prestvígslu. Í öðru lagi var sameiginlegt álit þeirra, að ágreiningur um þetta, mundi ekki vera alvarlegs eðlis innan kirkjunnar...<sup>45</sup>

Af því sem hér kemur fram vekur mesta athygli að samstaða hafi verið innan kirkjuráðs um að ekki væri um að ræða „guðfræðilega meinbugi“ á þessu máli, sem hlýtur að merkja að kirkjuráð hafi gengið út frá því að engin *guðfræðileg rök* væru fyrir hendi á móti prestvígslu konu. Það er skiljanlegt að biskup hafi viljað vita skoðun ráðsins á því hvort málið væri líklegt til að valda deilum í líkingu við þær deilur sem höfðu átt sér stað í hinum norrænu kirkjunum (að þeirri finnsku undanskilinni, því að hún vígði ekki konur fyrr en árið 1988). Fyrstu konurnar voru vígðar í dönsku kirkjunni árið 1948, í sænsku kirkjunni árið 1960 og þeirri norsku ári síðar. Miklar deilur sköpuðust innan þessara kirkna og margir karlprestar neituðu að þjóna með vígðum konum. Þó að deilurnar séu ekki lengur eins útbreiddar og á þessum árum vekja andstæðingar prestvígslu kvenna enn reglulega athygli á málstað sínum. Sem dæmi má nefna dönsku bókina *Kvinder på Herrens mark: essays om kvinder og menighed*<sup>46</sup> (2007) og norsku bókina *Skal kvinnene tie? Om ordinasjon av kvinner til prestejteneste* (2019).<sup>47</sup> Í báðum tilvikum er um að ræða greinasöfn höfunda sem eiga það sammerkt að telja prestvígslu kvenna ekki vera í samræmi við Ritninguna og kristna trúarhefð.<sup>48</sup>

Vegna harðrar andstöðu systursamtaka á Norðurlöndunum var búist við því að KFUM- og KFUK-félögin myndu hafa margt að athuga við það að konur væru vígðar til prestsþjónustu. Í viðtali við Árna Sigurjónsson, sem Jóna Hrönn Bolladóttir og Sigrún Óskarsdóttir áttu tæpum 20 árum eftir vígslu Auðar Eirar, kemur fram að Sigurbjörn biskup hafi aðeins leitað eftir munnlegu svari frá KFUM en Árni var á þessum tíma formaður þess. Þar kemur fram að engin formleg umræða hafi farið fram innan KFUM og -K, heldur hafi eingöngu verið á hendi Árna að svara fyrir þau. Þvert á það sem margir bjuggust við, var það mat Árna að innan félaganna væri ekki mikil andstaða við

<sup>45</sup> Tilvitnun fengin úr: Kristín Ástgeirsdóttir, „Við höfum bara aldrei séð konu í hempul“, bls. 387–388.

<sup>46</sup> Ritstjóri og einn höfunda bókarinnar er Hans-Ole Bækgaard sem er formaður Heimatrúboðsins (Indre Mission) í Danmörku.

<sup>47</sup> Ritstjóri bókarinnar er Knut Alfsvåg sem er prófessor við VID vitenskapelige høyskole í Stavanger.

<sup>48</sup> Um stöðu kvenna í norrænu kirkjunum, sjá: *Exploring a Heritage: Evangelical Churches in the North*, ritstj. Anne-Louise Eriksson, Göran Gunner og Niclas Blader, Eugene, Oregon: Pickwick Publications, 2012, bls. 175–244. Í tilefni af 75 ára vígsluafmæli fyrstu prestvígðu kvennanna innan dönsku kirkjunnar kom út bókinn *Guds ord i kvindemund: Om kon og kirke*, ritstj. Else Marie Wiberg Pedersen, Kaupmannahöfn: Nord Academic, 2023.

vígslu kvenna, þó að hann persónulega ætti „erfitt með að sjá konu í þessu hlutverki“.<sup>49</sup>

Morgunblaðið birti viðtöl við nokkra álitsgjafa á vígsludegi Auðar, á meðal þeirra voru fimm þjónandi prestar í íslensku þjóðkirkjunni og prófessor í trúfræði við Guðfræðideild Háskóla Íslands. Af þessum fimm prestum lýstu tveir sig fylgjandi vígslu kvenna og þrír voru mótfallnir henni. Jóhann Hannesson prófessor sagði að vígslan legðist „alls ekki illa“ í sig. Að hans mati væru ástæður fyrir afstöðu fólks „miklu frekar félagslegar en trúarlegs eðlis“.<sup>50</sup> Hann sagðist þekkja guðfræðileg rök á móti vígslu kvenna sem hefðu birst í erlendum bókum, en taldi þau ekki lengur í gildi, „heldur þvert á móti tel ég, að bæði kynin hafi sínu hlutverki að gegna í þessu sambandi og geti bætt hvort annað upp“.<sup>51</sup>

Þeir tveir prestar sem studdu vígsluna, sr. Grímur Grímsson og sr. Ólafur Skúlason, lýstu yfir ánægju sinni með að konur fengju prestvígslu. Í máli Gríms kemur fram að þó að beinan stuðning við vígslu kvenna sé ekki að finna í Biblíunni, þá hafi konur starfað með Kristi, eins og t.d. komi vel fram í Lúkasarguðspjalli. Það er mat hans að vígsla kvenna sé ekki í andstöðu við neitt innan kirkjunnar. Grímur segir ennfremur:

Ég þykist vita, að fjöldinn sé hlynntur því, að konur fari í prestskap og sýnilegt, að fólk hugsar meira um þessi mál. Hefðin er að vísu sterk og vefst kannski fyrir sumum. En fyrir mér er þetta afar einfalt og liggur ljóst fyrir: ég fagna því að konur vígist til prestsstarfa hér á landi.<sup>52</sup>

Það að konur hafi verið í hópi fylgjenda Krists gegnir hér lykिलhlutverki en einnig sú staðreynd að Grímur telur vígsluna ekki brjóta í bága við „neitt innan kirkjunnar“, þó að ekki sé ljóst hvað það merkir. Einnig er óljóst hvað það merkir að hefðin sé sterk og þess vegna setji einhverjir slíka vígslu fyrir sig.

Þeir þrír sem lýsa sig mótfallna vígslu kvenna, þeir Arngrímur Jónsson, Hannes Guðmundsson og Sigfús J. Árnason, eru um margt sammála þó að áherslur séu ólíkar. Þannig er Arngrímur sá eini sem nefnir lögin sem séu konunum hliðholl og telur að „ekkert í þjóðfélagslegum efnum“ hindri það að konur fái vígslu, en hann sér aftur á móti ekkert í Nýja testamentinu eða hefðinni sem mælir með því, og bendir á að Kristur hafi ekki valið konu sem postula.<sup>53</sup> Hannes telur það svo augljóst að kirkjan hafi aldrei vígt konur til prestsþjónustu að guðfræðileg rök séu óþörf. Og þó að Kristur hafi treyst konum fyrir því að „flytja postulunum upprisuboðskapinn“ þá sé það söguleg staðreynd að þegar hann valdi postula sína hafi enginn þeirra verið kona.<sup>54</sup> Hann endar mál sitt með því að lýsa yfir undrun sinni á því „að núverandi þrír biskupar skuli leggja blessun sína yfir þessi afgangi í þeim eina tilgangi að „geðjast öld þessari““.<sup>55</sup> Eins og Arngrímur og Hannes bendir Sigfús á að allir postular Krists hafi verið karlar, og það þó að „margir af dyggustu fylgjendum drottins“ hafi verið konur.<sup>56</sup> Þannig hafi konur staðið jafnfætis körlum í

<sup>49</sup> Jóna Hrönn Bolladóttir og Sigrún Óskarsdóttir, Íslenskir kvenprestar 1974–1991, bls. 23.

<sup>50</sup> [Án höfundar], „Skulu konur þegja á safnaðarsamkomum?“, bls. 11.

<sup>51</sup> Sama stað.

<sup>52</sup> Sama heimild, bls. 10.

<sup>53</sup> Sama stað.

<sup>54</sup> Sama heimild, bls. 11.

<sup>55</sup> Sama stað.

<sup>56</sup> Sama stað.

frumkirkjunni, sem Sigfús telur einmitt ástæðuna fyrir því að Páll hafi fundið sig knúinn til að segja konunum að þegja. Spurningin um prestvígslu kvenna hafi ekki með kynjafnrétti að gera, en meginástæðan gegn prestvígslunni sé sú að með henni sé hefðin rofin. Annað sem skipti máli í þessu samhengi sé að prestsstarfið sé hugsanlega of erfitt fyrir konur sem séu líka mæður.

Sigurbjörn Einarsson biskup rakti aðdraganda og ástæður ákvörðunar sinnar að vígja Auði Eir á prestastefnu vorið 1975. Í upphafi máls síns nefnir hann ágreininginn og deilurnar sem prestvígsla kvenna hafi valdið víða erlendis. Ástæðuna telur hann ekki að finna í skorti á jafnrétti kynjanna, þar sem „kristna menn greinir ekki á um jafna stöðu kvenna mannlega skoðað og trúarlega séð“.<sup>57</sup> Málið snúist um guðfræðilegan skilning á embættinu, um biblíuskilning og óslitna kirkjulega hefð. Þá spili samkirkjuleg rök stórt hlutverk, þar sem vígsla kvenna „gæti orðið til þess að dýpka bilið milli kirkjudeilda og torvelda gagnkvæma viðleitni til samstöðu, ef ekki væri varlega farið og af fyllsta tilliti til þess, að kristnir menn geta ekki að svo búnu skoðað þetta mál sömu augum“.<sup>58</sup> Að mati Sigurbjörns er það kostur að vígsla kvenna hafi ekki komið fyrir á dagskrá hér á landi, vegna hættunnar á ágreiningi og deilum eins og í nágrannalöndunum. Eftir að hafa ráðfært sig við marga aðila og fengið um-sagnir hjá Prestafélaginu og kirkjuráði segir Sigurbjörn þetta um ákvörðun sína:

Ég hef persónulega reynt að gera málið upp við mig guðfræðilega og kirkjulega og hafði ekki rök til þess að skorast undan ábyrgðinni af að stíga þetta skref. Þrátt fyrir það hefði ég mátt gera það að álitum, ef líklegt hefði verið, að klofningur yrði í kirkjunni eða illvígur deilur af þessu tilefni. En engar líkur voru á því.<sup>59</sup>

Ákvörðun biskups Íslands um að vígja konu til prests er ein sú mikilvægasta sem tekin hefur verið í íslenskri kirkjusögu, en vígslan batt endi á rúmlega fjögur hundruð ára útilokun kvenna frá vígðri þjónustu í evangelísk-lútherskri kirkju hér á landi. Hér er um að ræða stóran áfanga og að einhverju leyti loka-hnykk á næstum eitt hundruð ára ferli, allt frá því að konum var veittur takmarkaður aðgangur að Prestaskólanum árið 1886. Lögin frá 1911 um fullt aðgengi að menntun, skólastyrkjum og embættum breyttu möguleikum íslenskra kvenna til virkrar þátttöku í íslensku samfélagi til framtíðar. Það er skiljanlegt að konur skyldu ekki sækja nám í Prestaskólanum á sínum tíma miðað við þau takmörkuðu réttindi sem þær höfðu í skólanum og nákvæmlega engin réttindi til að nýta námið í starfi að því loknu. Aftur á móti er erfitt að segja hvað olli því að þær voru svona seinar til að útskrifast úr Guðfræðideild Háskóla Íslands með embættispróf, sem veitti þeim ótakmörkuð réttindi til að gegna prests-embættum í íslensku þjóðkirkjunni. Möguleg ástæða er spurningin hvort prestvígsla stæði konum til boða þó að lagalegur réttur þeirra væri ótvíræður. Það var á rétt til vígslunnar sem Auður Eir lét reyna, að því er virðist fyrst íslenskra kvenna, eftir að hafa fengið köllun til að þjóna embætti sóknarprestis í Staðarprestakalli í Súgandafirði. Vígsla Auðar í Dómkirkjunni í Reykjavík sunnudag-

<sup>57</sup> Sigurbjörn Einarsson, „Prestastefna 1975: Ávarp og yfirlit“, *Kirkjuritið* 2/1975, bls. 85–99, hér bls. 94.

<sup>58</sup> Sama heimild, bls. 95.

<sup>59</sup> Sama stað; sjá einnig Kristín Ástgeirsdóttir, „Við höfum bara aldrei séð konu í hempu!“, bls. 387.

inn 29. september 1974 var upphaf á nýjum kafla í sögu íslensku þjóðkirkjunnar, en vígslan markaði upphaf á prestsþjónustu kvenna sem nú, fimmtíu árum síðar, eru orðnar hátt í 120 talsins.

### **Prestvígsla fyrstu konunnar í samkirkjulegu ljósi**

Í umræðunni um prestvígslu kvenna haustið 1974 kom var ítrekað lögð áhersla á þau áhrif sem prestvígsla konu gæti haft á samskipti við aðrar kirkjudeildir. Það sem Sigurbjörn Einarsson biskup kallaði „ekumenískt vandamál“ og sr. Arngrímur Jónsson sagði að gæti hindrað einingu innan kristinnar kirkju er sennilega sú staðreynd að þó að víða væri þegar farið að vígja konur innan annarra lútherskra kirkna og fleiri mótmælendakirkna þá voru ennþá stórar kirkjudeildir, þeirra stærstar rómversk-kaþólska kirkjan og rétttrúnaðarkirkjan, sem neituðu konum um vígslu. Afstaða þessara tveggja kirkjudeilda er sú sama enn þann dag í dag. Ekkert bendir til þess að breyting verði þar á. Hvað rómversk-kaþólsku kirkjuna varðar þá hefur Vatíkanið margsinis áréttað að vígsla kvenna sé einfaldlega ekki til umræðu enda hafi endanleg ákvörðun verið tekin í því máli.<sup>60</sup>

Í janúar 1982 var í Líma í Perú samþykkt skýrsla sem Trúar- og skipulagsnefnd (e. *Faith and Order Commission*), sem er undirnefnd Alkirkjuráðins (e. *World Council of Churches*), hafði unnið að um árabíl. Skýrslan ber yfirskriftina *Baptism, Eucharist and Ministry* en umfjöllunarefni hennar er einmitt skírinn, máltíð Drottins og þjónustan.<sup>61</sup> Um er að ræða sögulegan áfanga samkirkjulegs samtals á tuttugustu öldinni og afrakstur margra ára vinnu. Hér á eftir verður vísað til skýrslunnar sem *Líma-skýrslunnar*, eins og reglulega er gert í umræðu um hana á íslensku. Það skal tekið fram að rómversk-kaþólska kirkjan á aðild að Trúar- og skipulagsnefndinni, en ekki Alkirkjuráðinu. Aftur á móti tilheyrar flestar rétttrúnaðarkirkjurnar Alkirkjuráðinu. Í kafla skýrslunnar um þjónustuna koma fram nokkur atriði sem vert er að setja í samhengi við umræðuna hér á landi á haustdögum 1974.

Í fyrsta lagi er að nefna merkingu orðins „postuli“, en ítrekað voru þau rök notuð gegn prestvígslu kvenna að Jesús hefði ekki valið neina konu í hóp postulanna tólf. Í *Líma-skýrslunni* segir svo í athugasemd í kafla um hina vígðu þjónustu:

Í Nýja testamentinu er orðið „postuli“ notað í mismunandi merkingum. Það er notað um hina tólf, en einnig um stærri hóp lærisveina. Það er notað um Pál og aðra, þar eð þeir voru sendir af hinum upprisna Kristi til að prédika fagnaðarerindið. Hlutverk postulanna var í því fólgið að boða trúna og leggja grunn að kirkjunni.<sup>62</sup>

Í skýrslunni er einnig bent á að postularnir hafi gegnt sérstöku hlutverki sem upprisuvottar og því sé „munur á postulunum og hinum vígðu þjónum, þó að

<sup>60</sup> Frans páfi hefur ítrekað það sem forverar hans í embætti hafa sagt um prestvígslu kvenna, að þeirri spurningu hafi verið svarað neitandi og það svar sé endanlegt. Sjá t.d.: „Pope Francis Confirms Finality of Ban on Ordaining Women Priests“, *National Catholic Reporter*, 1. nóvember 2016, sótt 15.10.2024 af <https://www.ncronline.org/news/vatican/pope-francis-confirms-finality-ban-ordaining-women>.

<sup>61</sup> Skýrslan var gefin út af kirkjuráði í íslenskri þýðingu Einars Sigurbjörnssonar, sem ritaði einnig formála. Sjá: *Skírn, máltíð Drottins, þjónusta: Skýrsla Trúar- og skipulagsnefndar Alkirkjuráðsins um skírmina, altarissakramentið og embætti kirkjunnar, sem samþykkt var í Líma, Perú, í janúar 1982*, Reykjavík: Skálholt, 1984.

<sup>62</sup> Sama heimild, bls. 40.



þjónusta þeirra byggist á þjónustu postulanna<sup>63</sup>. Í bréfum Páls postula, sem sjálfur var hvorki upprisuvottur né tilheyrði hann hópi lærisveinanna, er ítrekað talað um konur sem postula, t.d. í 16. kafla Rómverjabréfsins. Það geta því ekki talist sterk rök á móti prestvígslu kvenna að það hafi engin kona verið í hópi „þeirra tólf“ (Mrk 14.10). Þá er líka ástæða til að vekja athygli á því að í Nýja testamentinu eru orðin „prestdómur“ eða „prestur“ ekki notuð um hina vígðu þjónustu eða vígðan einstakling, heldur aðeins um prestdóm Jesú Krists eða „konunglegan og spámannlegan prestsdóm allra skírðra“<sup>64</sup>.

Eins og búast má við af niðurstöðum úr samkirkjulegri samræðu er víða að finna merki um málamiðlanir í texta *Líma-skýrslunnar*, sem kemur vel fram í kaflanum um „þjónustu karla og kvenna í kirkjunni“. Þrátt fyrir að í upphafi kaflans sé vísað í orð hinnar fornu skírnarjátningar úr 3. kafla Galatabréfsins, „í Kristi er enginn karl eða kona“, þá er fjarri því að gengið sé út frá því að konan og karlinn standi jafnfætis þegar kemur að hinni vígðu þjónustu. Hvað þjónustu kirkjunnar viðkemur eru konur og karlar sögð verða „sameiginlega að finna“ út úr því hvaða þjónusta henti þeim. Í því sambandi er í skýrslunni áréttað að kirkjan megi ekki einblína á þjónustu karla heldur verði hún „líka að finna þjónustu, sem konur geta annast“<sup>65</sup>. Í umfjöllun um hina vígðu þjónustu er fyrst tekið fram að ekki séu allar kirkjudeildir sammála í þessum efnum. En þó að æ fleiri kirkjudeildir hafi komist að þeirri niðurstöðu „að hvorki séu biblíuleg né guðfræðileg rök gegn vígslu kvenna“<sup>66</sup> og þess vegna ákveðið að vígja konur, þá sé það afstaða margra kirkna að gera það ekki til að brjóta ekki gegn hefðinni. Í athugasemd sem fylgir þessum kafla er áréttað að kirkjurnar sem „leyfa vígslu kvenna“ byggi þá ákvörðun á skilningi sínum á „fagnaðar-erindinu og þjónustunni“<sup>67</sup>. Tekið er fram að engin þessara kirkna hafi skipt um skoðun eftir að ákvörðunin komst til framkvæmda. Varðandi afstöðu þeirra kirkjudeilda sem hafna prestvígslu kvenna, er vísað í tryggð við hefð sem nær aftur til tíma frumkirkjunnar og þá skoðun að „ekki megi heldur líta á þá hefð sem skort á virðingu fyrir þátttöku kvenna í kirkjunni“<sup>68</sup>. Þar sem afstaða þeirra sé studd guðfræðilegum rökum, „þurfi að meta guðfræðilega bæði mannfræðilegar og kristnsfræðilegar spurningar, þegar rætt sé um hlutverk kvenna í kirkjunni“<sup>69</sup>. Að lokum er hvatt til samtals um hagnýt og guðfræðileg álitamál á milli kirkjudeilda sem eru á öndverðum meiði.

Það er erfitt að setja sig í spor þeirra sem unnu að gerð *Líma-skýrslunnar*. Augljóslega er svo ótalmargt sem kirkjudeildirnar sem tóku þátt í samningaferlinu greinir á um. Á dagskránni voru risastór viðfangsefni sem erfitt hlýtur að hafa verið að ræða, hvað þá að skrifa texta sem svona ólíkir aðilar gátu komið sér saman um. Þátttakendur hafa væntanlega ekki gert sér vonir um að komast að sameiginlegri niðurstöðu í öllum atriðum, enda getur það tæplega verið raunhæft markmið samkirkjulegra samræðna að leysa allan ágreining.

<sup>63</sup> Sama stað.

<sup>64</sup> Sama heimild, bls. 43.

<sup>65</sup> Sama heimild, bls. 44.

<sup>66</sup> Sama stað.

<sup>67</sup> Sama stað.

<sup>68</sup> Sama stað.

<sup>69</sup> Sama stað.

Skýrslan markar tvímælalaust kaflaskil í ekumenísku samstarfi og erfitt er að vera ósammála því sem kemur fram í formála nefndarinnar, að hún hafi með skýrslunni náð „umtalsverðu samkomulagi“.<sup>70</sup> Það er ljóst að prestvígsla kvenna var eitt af þeim málum sem ekki náðist samkomulag um, og það ætti ekki að koma á óvart, miðað við þá sem sátu við samningaborðið. Engin „uppfærsla“ á skýrslunni hefur átt sér stað og erfitt er að ímynda sér hvernig sambærileg skýrsla liti út í dag. Ólíklegt má telja að kaflinn um þjónustu karla og kvenna í kirkjunni væri efnislega mikið öðruvísi væri hann skrifaður árið 2024, því að lítið hefur breyst í afstöðu kirkjudeildanna til prestvígslu kvenna á allra síðustu áratugum.

## Niðurlag

Saga kristinnar kirkju hefur að geyma óteljandi dæmi um ójafnrétti kynjanna og útilokun kvenna frá áhrifastöðum og vígðri þjónustu. Frá upphafi hafa karlar tekið ákvarðanir um stöðu kvenna og möguleika þeirra á virkri þátttöku innan kirkjunnar, alveg eins og úti í samfélaginu. Allt frá því að kirkjan fór að taka á sig mynd sem stofnun undir lok fyrstu aldar hefur konum verið sagt hvað þær mættu gera og hvað ekki. Yngstu bréf Nýja testamentisins bera þessu glöggt vitni. Samkvæmt því sem kemur fram í öðrum kafla Fyrra Tímóteusarbréfs eiga konur að láta lítið fyrir sér fara, í útliti — en ekki síður í hegðun — og þær eiga að læra í kyrrþey. En hver hefur vald til að ákveða það? Hér er það höfundur bréfsins sem talar: „Ekki leyfi ég konu að kenna eða taka sér vald yfir mannum heldur á hún að vera kyrrlát“ (v. 12). Það er karlinn sem tekur sér vald til að segja konunni fyrir verkum. Þannig hefur það verið í tæp 2000 ár. Þegar konur hafa viljað hafa það öðruvísi þá hefur þeim verið bent á hefðina sem hafi verið órofin og engin ástæða sé til að rjúfa hana — að mati sumra, en vissulega ekki allra.

Þegar íslenskar konur hófu réttindabaráttu sína undir lok nítjándu aldar bentu margir þeim á að samkvæmt Ritningunni og kristinni trúarhefð ættu konur engan rétt á breytingum. Ef ekki hefðu verið til karlar sem töldu að jafnrétti kynjanna væri réttlætismál og í samræmi við fagnaðarerindi Jesú Krists, þá hefði ekkert breyst, því að konurnar voru útilokaðar frá þeim embættum sem réðu hvernig hlutirnir áttu að vera. Undir lok nítjándu aldar og í upphafi þeirrar tuttugustu voru það karlar sem tóku allar ákvarðanir um stöðu kvenna, hvort þær máttu mennta sig, þiggja styrki eða gegna opinberum embættum. Það voru líka karlar sem ákváðu hvort kona mætti vígjast til prestsþjónustu. Hvort sem árið var 1886, 1911 eða 1974 voru það karlar sem tóku ákvarðanirnar sem vörðuðu framtíð kvenna.

Í umræðunni sem átti sér stað í aðdraganda prestvígslunnar 29. september 1974 eru guðfræðilegu rökin sem komu fram flest á móti en ekki með prestvígslu kvenna. Þeir sem voru fylgjandi vígslunni vísuðu ýmist í lögin, samfélagsumræðuna eða skort á nægilega sterkum rökum gegn vígslunni. Það skal tekið fram að skort á sterkum rökum gegn vígslu kvenna má auðvitað skoða

---

<sup>70</sup> Sama heimild, bls. 16.

sem guðfræðileg rök með vígslunni. Mikið hefur breyst frá 1974 í umræðunni um vígða þjónustu kvenna í íslensku þjóðkirkjunni en einnig viðhorfum til hennar. Sennilega hefur það mest með það að gera að konurnar hafa sýnt það og sannað að þær geta skilað góðu dagsverki, ekki síður en karlarnir. Þess vegna hefur ekki þurft að finna önnur störf sem þær „gætu annast“, eins og segir í *Líma-skýrslunni*. Það er erfitt að sjá neikvæða afstöðu til prestvígslu kvenna sem annað en skort á jafnrétti kvenna og karla. Ólíkt því sem andstæðingar prestvígslu kvenna halda fram þá er enginn skortur á guðfræðilegum rökum með kynjajafnrétti og þar af leiðandi með vígslu kvenna. Það er vissulega hægt að halda því fram að útilokun kvenna frá embættum, menntun, styrkjum eða prestvígslu sé fyrst og fremst mannréttindamál. Að sjálfstöðu hefur kynjajafnrétti með mannréttindi að gera en þegar um er að ræða stöðu konunnar innan kirkjunnar þarf meira að koma til. Það þarf að sýna fram á að þetta fjalli líka um trú og trúarafstöðu. Kristin trú lætur sig réttlæti varða, líka kynjaréttlæti. Guðfræðileg rök fyrir jafnrétti kynjanna og prestvígslu kvenna byggjast á lykiltríðum í kristinni trú. Þar er fyrst að nefna hugmyndina um *imago dei* og skírningina sem inntöku inn í jafningjasamfélag sem gerir ekki greinarmun á konum og körlum, heldur gengur út frá því að þau séu jöfn í augum Guðs. Fleira styður þá röksemdafærslu eins og vitnisburður guðspjallanna um jákvæða afstöðu til kvenna, frásögurnar af konunum sem fyrstar fluttu fréttirnar af upprisunni og virka þátttöku kvenna í starfi frumkirkjunnar.